



Lífeyrismál

Verkafólk er að öllu jöfnu í meiri hættu á örorku en aðrar stéttir. Ólíkt álag vegna örorkutrygginga lífeyrissjóða dregur mismikið úr getu þeirra til að standa undir skuldbindingum varðandi greiðslur ellilífeyris. Til að bregðast við þessu jafnar ríkið örorkubyrði lífeyrissjóða að hluta með jöfnunargreiðslur. Núverandi fyrirkomulag jöfnunargreiðsla ríkisins er ekki í hlutfalli við misjafnan þunga örorku á lífeyrissjóði. Nú fá jafnvel sjóðir þar sem minnst er um örorku framlag vegna örorku. Áhersla SGS er að jöfnunargreiðslur séu hlutfallslegar miðað við greiðslur v. örorku og að ríkið kæmi betur inni að létta á með sjóðum verkafólks með sinn hlut í að tryggja lægst launuðum hópum samfélagsins viðunandi lífeyri, óskertan vegna ólíkrar samsetningar sjóðsfélaga og misvægis í álagi á örorkutryggingar.

Verkafólk vinnur margt krefjandi störf hvort sem er litið til líkamlegs eða andlegs álags. Viðurkenningu vantar í samtryggingarkerfi almannatrygginga á þessu. Skilgreina þarf erfiðsvinnustéttir og viðurkenna að óraunhæft er að ætlast til þess að allar stéttir vinni jafn langa starfsævi. Eins skal viðurkennast að réttlátt sé að tryggja erfiðsvinnustéttum afkomu og framfærslu á efri árum gegnum almannatryggingar með því að hækka framlag til erfiðsvinnufólk sligar sig fyrir út og sækir í lífeyri. Með núverandi samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða kæmi það niður á buddu verkafólks, almannatryggingar eru það sem samfélagsleg sátt er um að tryggi lágmarksframfærslu hópa og nýta einnig í jafna óréttlæti. Aðkallandi er að skilgreina erfiðsvinnuhópa og vinna áfram hvernig almannatryggingar megi jafna álag yfir starfsævi stétta.

Hækkaður lífeyrisaldur hefur mismunandi áhrif á ólíka starfsstéttir. Ætla má t.d. að einstaklingur sem unnið hefur líkamlega erfiðisvinnu stærstan hluta starfsævinnar eigi erfiðara með að lengja starfsævi sína. Í því sambandi má benda á að ævilengd fólks er misjöfn eftir störfum og menntunarstigi og lifir fólk með grunnskólamenntun að meðaltali skemur en einstaklingar með framhalds- og háskólamenntun.